

Stjórnarfundur Gígjunnar, símafundur sunnudaginn 1. maí 2017 kl 20:10-20:45

Mættar; Bryndís Bjarnarson formaður, Kolbrún Halldórsdóttir varaformaður, Guðlaug Ásgeirsdóttir gjaldkeri og Una Þórey Sigurðardóttir ritari. Fjarverandi; Petra Jónsdóttir meðstjórnandi.

Fundarefni:

1. Landsmót á Ísafirði 12.-14. maí. Guðlaug gjaldkeri er búin að afgreiða styrkumsóknina frá Kvennakór Ísafjarðar vegna landsmótsins, fjármögnun mótsins gengur vel. Mótsgjaldið er 37.000 kr. sem er undir áætlun. Styttan, gjöfin til mótshaldara er tilbúin og Guðlaug mun láta grafa í hana viðeigandi áletrun á næstu dögum. Guðlaug kemur með borðfána og hátíðarfána Gígjunnar til Ísafjarðar og sér um að kaupa blóm. Hún kemur á landsmótið fyrir hönd Gígjunnar þar sem kór Guðlaugar, Heklurnar, verður ekki með á mótinu.

Kolbrún ætlar að taka saman upplýsingar, s.s. dagskrá mótsins, hvaða kórar taka þátt og hvernig þeir raðast í smíðjur og setja á vef Gígjunnar. Bryndís fer yfir kynningarblað Gígjunnar og lagar ef þarf og sendir á landsmótsnefnd. Rætt var um fyrirkomulag mótsslita, hvenær Ísfirðingar ætla að hafa formleg mótsslit, hvort þau verði strax eftir sameiginlegu tónleikana eða á lokahófinu. Bryndís athugar það. Varðandi fund Gígjunnar, þá þarf að minna þátttökukóra á að fundur Gígjunnar í hádeginu á föstudag er ætlaður öllum.

2. Formannafundur á landsmóti. Formannafundurinn verður í hádeginu á laugardag. Ætlunin er að beina sjónum að innra starfi kóranna þar sem formenn segi stuttlega frá sínum kór og skiptist á hugmyndum.

3. Landsmót kvennakóra 2020. Kvennakór Reykjavíkur hefur boðist til að halda næsta landsmót og samþykkir stjórn Gígjunnar það með mikilli ánægju. Þetta verður kynnt á móttslitum á Ísafirði

4. Önnur mál.

Heiðursviðurkenningar á aðalfundi Gígjunnar. Heyrst hefur að sumir aðildarkórar séu ósáttir við að hætt sé að veita heiðursviðurkenningar á aðalfundi. Stjórn Gígjunnar er sammála um að standa við þá ákvörðun sem var tekin af stjórn fyrir síðasta aðalfund, þ.e. hætta heiðursviðurkenningum á aðalfundi. (Sjá aðalfundargerð Gígjunnar 1. okt. 2016.) Hins vegar getur stjórn Gígjunnar veitt sérstakar heiðursviðurkenningar t.d. á landsmótum.

Fundarkonur ákveða að ræða saman á F.b. eftir þörfum og hittast næst við mótssetningu á Ísafirði.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl 20:45.

Fundargerð ritaði Una Þórey Sigurðardóttir